

## Börn og bækur

<b>Kennari</b>	Rannveig Karlsdóttir	<b>Sk.st.</b>	RAN
----------------	----------------------	---------------	-----

### Áfangalýsing:

Í áfanganum er áhersla á mikilvægi lestrar og barnabókmennta, fyrir börn á öllum aldri. Nemendur kynnst ýmsum tegundum bóka og annars efnis fyrir börn og unglunga. Einnig verður farið yfir sögu og þróun íslenskra barna- og unglungabóka, rætt um mál- og menningarheim og málþroska barna. Skoðað er hvað einkennir góðar barnabækur og fjallað um gildi þess að börn lesi og að lesið sé fyrir þau. Nemendur greina og meta margskonar barna- og unglungabækur og fræðigreinar er varða alla þætti áfangans. Þeir gera grein fyrir skoðunum sínum, munnlega og skriflega þar sem reynir á frumkvæði, sköpunarhæfileika, sjálfstæð vinnubrögð og gagnrýna hugsun. Nemendur vinna ýmist einir eða með öðrum.

### Markmið:

#### Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- mikilvægi lestrar fyrir mál- og málþroska barna
- sögu íslenskra barnabókmennta
- mismunandi tegundum barnabókmennta og helstu höfundum
- hvað einkennir vandaðar og óvandaðar barnabækur
- tengslum íslenskra barnabókmennta við menningu hvers tíma
- hugmyndafræði og viðhorfum sem birtast í barnabókmenntum
- heimildanotkun í tengslum við verkefnavinnu
- mismunandi stíl og orðaforða í barnabókum



**Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**

- lesa og greina barnabókmenntir af ýmsu tagi
- beita algengum stílbrögðum í tal- og ritmáli
- skilja lykilhugtök og mismunandi sjónarhorn sem birtast í barnabókmenntum
- meta ólíkar tegundir texta og efnis sem ætlað er börnum
- draga saman og nota á viðurkenndan og gagnrýninn hátt upplýsingar úr hvers kyns heimildum og meta áreiðanleika þeirra
- ganga frá heimildaverkefnum og nýta sér uppbyggilega gagnrýni annarra til betrumbóta
- flytja af öryggi lýsingar og kynningar á verkefnum sínum, hver fyrir sig og með öðrum

**Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**

- átta sig á mikilvægi vandaðra barna- og unglingabóka
- átta sig á gildi lestrar fyrir málþroska barna
- velja og meta á gagnrýninn hátt efni ætlað börnum
- taka þátt í málefnalegum umræðum, tjá afstöðu sína og efasemdir um efnið og komast að rökstuddri niðurstöðu

**Námsgögn:**

*Raddir barnabókanna. Greinasafn.* Tekið saman af Silju Aðalsteinsdóttur. Gefið út af Máli og menningu, 1999.

Mælt er með að nemendur eigi og noti *Handbók um ritun og frágang* e. Ingibjörgu Axelsdóttur og Þórunni Blöndal frá árinu 2010 (MM).

Einnig verða lesnar ýmsar fræði- og blaðagreinar, bókarkafar, íslenskar barna- og unglingabækur og horft á kvikmyndir/sjónvarpsefni eftir því sem við á í hverri lotu. Fyrir utan barna- og unglingabækur verður það lesefni, sem ekki er í kennslubók áfangans, aðgengilegt á námsvefnum (Moodle).

## ÍSLE3BB05 - fjarnám Vorönn 2020

### Áætlun um yfirferð og fyrirlögn námsmatsþátta:

Tímabil (vikunúmer/lotu- númer)	Námsefni (verklegt og bóklegt)	Heimavinna/verkefni	Vægi námsmatsþátta
1. lota	Lestur/lestrarnám. Saga barnabókmennta. Greinar um lestur og lestrarnám á Moodle. Kafar um sögu barnabókmennta úr greinasafni (sjá nánar á Moodle).	Lestur og verkefni eftir því sem yfirferð vindur fram (sjá nánar á Moodle).	Ritunarverkefni með heimildum. Vægi 15%.
2. lota	Sjónarhorn, frásagnarháttur, myndabækur. Greinar úr greinasafni og á Moodle.	Lestur og verkefni eftir því sem yfirferð vindur fram (sjá nánar á Moodle).	Verkefni um myndabækur. Vægi 10%
3. lota	Teiknimyndasögur, þjóðsögur, furðusögur. Nútímabarnabækur  Greinar úr greinasafni og á Moodle.	Lestur og verkefni eftir því sem yfirferð vindur fram (sjá nánar á Moodle).	Bókarskýrsla 10%
Öll önnin	Moodle verkefni og próf	Sjá efni hvernar viku á Moodle.	Moodle verkefni og próf 20%

## ÍSLE3BB05 - fjarnám Vorönn 2020



Verkefnaskólinn á Akureyri

### Námsmat og vægi námsmatsþátta:

<b>Matsform:</b>	<input type="checkbox"/> Símat	<input checked="" type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta	Vægi	
Ritun og heimildavinna	Ritunarverkefni unnið þar sem stuðst er við heimildir. Efnisúrvinnsla og heimildanotkun metin.	15%	
Kynning	Verkefni um myndabækur.	10%	
Skýrsla, ritun	Barna- eða unglingabók lesin og skrifuð bókarskýrsla um hana. Úrvinnsla og heimildavinna metin.	10%	
Próf	Regluleg próf og verkefni á Moodle.	20%	
Lokapróf	Próf úr efni áfangans.	45%	
	<b>Samtals:</b>	<b>100%</b>	
<b><u>Einkunnir fyrir hvern námsmatsþátt eru birtar í INNU á því formi sem best hentar.</u></b>			
<b>Annað:</b> Nemendur þurfa að fá 4,0 að lágmarki í einkunn á lokaprófi til þess að vetrareinkunn gildi.			

Dagsetning: 14.1.20

Rannveig Karsted.  
Undirritun kennara

Asbjörg Birn.  
Undirritun bráutarstj., fagstj eða staðgengils